



Til bæjarráðs

Kópavogi, 23. ágúst 2023
2308002/005.05 BR

Umsögn umhverfissviðs um umgengni við grenndargámastöðvar

Á bæjarráðsfundi 3. ágúst 2023 var tekið fyrir erindi frá Indriða Inga Stefánssyni varabæjarfulltrúa um umgengni við grenndargerði og vísað til umsagnar umhverfissviðs.

Tafir hafa verið á tæmingum úr grenndargámum á grenndargámastöðvum á höfuðborgarsvæðinu undanfarið sökum bilana á tækjaflota hirðuaðila sem hefur orsakað að gámar hafa ekki verið tæmdir eins ört og áður og úrgangur hefur safnast upp. Til að mæta þörfinni fékk hirðuaðili utanaðkomandi verktaka til að aðstoða við tæmingu og er nú tæmt í samræmi við gerða samninga. Á meðan hirðing gámana var úr skorðum hefur þjónustumiðstöð Kópavogs farið á allar grenndargámastöðvar allt að þrisvar sinnum í viku og hreinsað upp úrgang sem ekki var settur í gáma.

Á sama tíma var talsverð aukning að íbúar og mögulega rekstraraðilar hafi losað sig við ýmiskonar grófan úrgang við grenndargámana sem ætti heima á endurvinnslustöðvum sem er ótækt og ólíðandi með öllu.

Í tengslum við breytingar á flokkun úrgangs er verið að bæta ásýnd og fyrirkomulagi grenndargámastöðva. Á öllum stöðvum verða gámar fyrir gler, málma, textílefni og skilagjaldsskyldar umbúðir og á stærri stöðvum verður þar að auki boðið upp á gáma fyrir pappa og plast. Ásýnd stöðvanna verður breytt þannig að gámar verða í einfaldri röð þar sem því er viðkomið og komið fyrir u-laga girðingu umhverfis. Sett verður upp lýsing og upplýsingaskilti með tilmælum um góða umgengni við allar stöðvar. Þar að auki verður myndavélum komið fyrir við valdar stöðvar sem liður í að reyna koma í veg fyrir slæma umgengni.

Jafnframt verður staðsetningu nokkurra stöðva í bæjarfélaginu breytt þar sem ekki er viðkomið að tryggja almennilega aðkomu og umgjörð grenndargámana. Bætt verður stöðvum á komandi misserum svo öll hverfi hafi grenndargáma í sínu nærumhverfi. Gert er ráð fyrir að breytingum á stöðvunum verði að fullu lokið á þriðja ársfjórðungi 2024.

Virðingarfyllst,

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar

